

**5. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2015, haldinn 11. júní 2015 í Flúðaskóla, kl. 15.00. 5. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Erla Björg Arnardóttir, Ingvar Hjálmarsson, Ásmundur Lárusson boðaði forföll, fulltrúi kennara boðaði forföll.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Rekstur Flúðaskóla.**
- 3. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

- ❖ Úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda voru tilkynnt 31. maí síðastliðinn
- ❖ Í ár bárust keppninni um það bil 2000 hugmyndir frá yfir 3000 þátttakendum um allt land en eftir að matsnefnd lauk störfum var 54 nemendum boðið að taka þátt í vinnusmiðju sem fór fram í Reykjavík dagana 28. – 30. maí.
- ❖ Flúðaskóli hefur tekið þátt í þessari keppni undanfarin ár undir dyggri stjórn Kristínar Erlu nýsköpunarkennara og hafa nemendur skólans oftast einu sinni komist í úrslit. Þetta árið komust tveir nemendur skólans í úrslit, þær Margrét Lilja Thorsteinsson, 7. bekk og Sonja Ýr Benediktsdóttir 5. bekk. Þær stóðu sig báðar mjög vel og hlaut Sonja Ýr þriðja sætið í sínum aldurshópi.
- ❖ Í vetur hefur 4. bekkur í Flúðaskóla verið þátttakandi í Litlu upplestrarkeppninni en það er verkefni sem hófst í Hafnarfirði haustið 2010 og byggir á svipuðum markmiðum og Stóra upplestrarkeppnin sem er fyrir 7. bekkina.
- ❖ Meginmarkmið keppinnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn. Engin dómnefnd er á keppninni og engin úrslit verða kynnt.
- ❖ Í vetur höfum verið að vinna að þróunarverkefninu Orð af orði sem hefur það að markmiði að efla læsi í öllum námsgreinum. Við fengum styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að upphæð 444.000 til þess að standa straum af kostnaði. Næsta vetur verður unnið áfram að innleiðingu verkefnisins og því sóttum

við aftur um styrk núna í vor en það er ekki komið í ljós hvort við fáum aftur styrk til verkefnisins.

- ❖ Flúðaskóli fékk styrk úr Erasmus + áætluninni að upphæð 17.990 evrur, til að senda 9 kennara á mismunandi námskeið í tengslum verkefni sem nefnist "Heimskt er heimaalið barn". Einn kennari fer á enskukennslunámskeið á Möltu, fjórir fara á útikennslunámskeið í Svíþjóð og fjórir á tungumálakennslunámskeið í Skotlandi.
- ❖ Markmiðið er að innleiða nýja kennsluhætti í takt við þróun samfélagsins og undirbúa nemendur undir erlent samstarf og fjölþjóðlegt samfélag. Kennarar öðlist þekkingu og hæfni til að geta útskrifað nemendur úr grunnskóla með bjargir til að takast á við nútímasamfélag í alþjóðlegu samhengi. Nemendur hafi góða vitund og þekkingu mikilvægi sjálfbærni og geti nýtt sér hana í daglegu lífi.
- ❖ Markmið Erasmus+ áætlunarinnar eru m.a. að styðja verkefni sem miða að því að efla grunnþætti eins og læsi og stærðfræði, ýta undir sköpunargáfu og frumkvæði nemenda, vinna gegn brotthvarfi, innleiða upplýsingatækni og almennt efla gæði í menntun á öllum skólastigum og í atvinnulífi.
- ❖ Starfsmannahald:  
Elín Jóna Traustadóttir hefur sagt starfi sínu lausu en undanfarin ár hefur hún verið í stundakennslu við skólann einn dag í viku. Guðríður Sólveig Þórarinsdóttir stuðningsfulltrúi fer á eftirlaun að loknu sumarleyfi.  
Við þurfum að auglýsa stöðu heimilisfræðikennara en það er 50% starf að auki vantar í stöðu umsjónarmanns skólavistunar og stuðningsfulltrúa sem samanlagt er um það bil 60% starfshlutfall.

## 2. Rekstur Flúðaskóla.

Skólastjóri fór yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári. Reksturinn er á áætlun.

## 3. Önnur mál

- a) Erla Björg kom með fyrirspurn um hvernig staðan væri á málum tengdum skólalóðinni og hvort komin sé einhver áætlun um vinnu á skólalóðinni. Landslagsarkitektar eru að vinna í skipulagsmálum skólalóðarinnar og ekki er búið að tímasetja framkvæmdir.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Eftir fundinn var farið í íþróttahúsið og framkvæmdir skoðaðar.

Fundi slitið kl 15:50